

19. desember 2018

Frásögn af fjórtánda fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf

Fundinn sátu: Þorvar Hafsteinsson, Eðvald Einar Stefánsson, Inga Ólafsdóttir, Helgi Arnarsson, Hjördís Albertsdóttir, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Þórður Kristjánsson.

Gestur fyrri hluta fundar var Guðlaug Sturlaugsdóttir. Gestur seinni hluta fundar var Kolbrún Þ. Pálsdóttir. Meðal þess helsta sem fram kom á fundinum var:

- Greint frá fyrirhuguðum fundi sem formaður hefur boðað til á Akureyri 4. janúar nk. Kennarar frá HA, fulltúar fræðsluskrifstofu, skólastjórnenda grunnskóla, kennara og foreldra verða boðaðir á fundinn. Tilgangur hans er að kynna vinnu starfshópsins og fá viðhorf fundarmanna til málefnsins.
- Formaður greindi frá fundi sínum með sérfræðihópnum 14. desember sl.
- Minnt var á samræmd próf sem safnað hefur verið og mikilvægi þess að allir í starfshópnum gæfu sér tíma til að kynna sér þau.
- Farið var yfir einstök verkefni fundarmanna. Skipuleggja þarf fund með nemendum. Ákveða þarf dagsetningu og tíma í janúar. Eðvald, Svanhildur og Þorvar.
- Fyrsti fundur eftir áramót verður 9. janúar. Á þeim fundi verða lögð drög að niðurstöðum og tillögum hópsins.

Gestur: Guðlaug Sturlaugsdóttir, skólastjóri Árbæjarskóla

- GS segist vera hlynnt samræmdum prófum en hún telji að þau þurfi að vera aðgengileg. Huga að þeim möguleika að prófa í lok 3. bekkjar og lok 7. bekkjar
- Slæmt að missa ritunina út úr íslenskuprófinu og mikilvægt að endurskoða þá ákvörðun/tilhögun.
- Mikilvægt að fá niðurstöðurnar snemma til að þær nýtist betur eins og rafvæðing prófanna býður upp á.
- Alls ekki birta niðurstöður opinberlega. Niðurstöðurnar á að nota til að hjálpa skólum sem þess þurfa en ekki til að setja þá á ákveðinn stall. Þarna er eini möguleikinn til að fá samanburð á landsvísi. Einn möguleikinn að hafa prófin valkvæð og á mismunandi tímum. Prófin verða að vera góð og vel unnin og í tengslum við námskrána. Hin prófin sem eru hjá MMS gefa ekki samanburð fyrir landið í heild.
- Framtíðarfyrirkomulag: Ekki birta niðurstöður, vill sjá hvernig nemandinn stendur á landsvísi, setja ritun inn aftur. Alvarlegt að ekki sé gott matstæki til í stærðfræði annað en samræmt próf.
- Rannsóknir hafa sýnt að umsögn um verk nemenda skilar árangri umfram það að fá einkunn. Þannig er hlutverk samræmdra prófa frekar stöðutaka fyrir skólann og sveitarfélagið en leiðbeining fyrir nemendur. Nauðsynlegt að nota niðurstöður samræmdra prófa rétt. Reynsla GS er að prófin hafi ekki endilega áhrif á íslensku og stærðfræðikennsluna.
- Umræða um Lesferilinn, hvert er hlutverk skólanna og kostnaður og hvert er hlutverk

MMS?

Gestur: Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs HÍ

- Ánægð með að starfshópurinn hafi fengið þetta hlutverka að huga að framtíðarstefnu um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa. Mikilvægt að sjónarmið foreldra komi fram.
- Ýmis spurningamerki má setja við gildi prófanna en einnig mikilvægt að hafa mælitæki til staðar, þótt spyrja megi hvort verið sé að mæla réttu hlutina.
- Nauðsynlegt að hugsa út fyrir boxið í þessari vinnu líkt og kemur fram í fundargögnum frá fyrsta fundi starfshópsins. Velta þarf fyrir sér þeim fjármunum sem lagt er í þetta og hvað við fáum í staðinn. Er peningum vel varið með því að leggja þá í þessi próf?
- Er ekki viss um að leggja eigi prófin niður en þau þurfa ekki að vera eins mörg og þau eru. Nauðsynlegt að taka þau upp í framhaldsskólum og þar gætu þau verið valkvæð.
- Setur spurningamerki við gildi samræmdra prófa í 4 og 7 bekk, halda prófum í 9. eða 10. bekk og setja heldur próf í lok framhaldsskólans. Vísar til Finnlands í þessu sambandi.
- Ræðir reynslu Háskólans af A-prófum. Samræmd próf við lok framhaldsskóla myndi styðja nemendur í ákvörðunartöku um námsval og undirbúning fyrir háskólanám.
- Spyr um viðhorf framhaldsskólans til 9. bekkjar prófsins.
- Setur spurningamerki við hag nemenda af erlendum uppruna (innflytjenda) af samræmdum prófum. Huga þarf betur að aðkomu þessa nemendahóps.
- Huga þarf að því að prófin hafa áhrif á skólastarfið og þá sé minni áhersla á aðra þætti sem miklu máli skipta og hafa mikið vægi í námskránni.
- Nefnir PISA og tengsl þess við samræmdu prófin. Er PISA heppilegur mælikvarði á gæði skólastarfsins? Þarf meira fjármagn til að styðja við innra og ytra mat á skólastarfi? Skipta samræmdu prófin máli til að mæla og styðja við gæði skólastarfsins?
- Nemendahópar eru mjög ólíkir og það endurspeglast í mismunandi gengi skóla í prófunum. Stjórnvöld og fagfólks þarf að stýra umræðunni í þá átt að prófin eru ekki endanlegt matstæki á gæði skólanna.
- Mjög flókið er að meta gæði skólastarfs þar þarf að taka tillit til félagslegra aðstæðna. Líta þarf heildstætt á menntun og taka einnig tillit til þátta sem erfitt er að mæla.
- Mikilvægt að efla samstarf fræðasamfélagsins við MMS um inntak og framkvæmd samræmdra prófa. Samtal milli HÍ og MMS er hafið.
- Eitthvað róttækt þarf að gerast!
- Skilaboð hópsins til Kolbrúnar: Efla fræðslu kennaranema um námsmat og að lesa út úr samræmdum prófum. Hvernig hægt er að nýta niðurstöður. Auka þarf rannsóknir á þessu sviði.